

Byrjendalæsi í Grunnskóla Reyðarfjarðar

Haustið 2014 hófst í Grunnskóla Reyðarfjarðar þróunarstarf í læsi sem kallast [Byrjendalæsi](#). Um er að ræða tveggja ára þróunarstarf í yngstu bekkjum skólans.

Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Þegar börn hefja nám í 1. bekk eru þau misjafnlega á vegi stödd. Sum þekkja stafi, önnur eru farin að lesa og svo er hópur sem þarf að læra alla stafina og hvernig á að vinna með þá. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Byrjendalæsi hefur verið þróað á vegum [Miðstöðvar skólalæsi](#) við Háskólann á Akureyri undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Ráðgjafar frá HA sjá um innleiðingu og eftirfylgni Byrjendalæsisstefnunnar um land allt.

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð ætluð til læsiskennslu barna 1. og 2. bekk og í Grunnskóla Reyðarfjarðar hefur aðferðin einnig verið innleidd í 3. – 4. bekk. Við mótun aðferðarinnar var einkum horft til rannsókna þar sem kemur fram mikilvægi þess að kennsluaðferðir í læsi feli í sér nálgun sem ná til allra þátta móðurmálsins. Þannig er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið.

Byrjendalæsi – aðferðin

Meðal forsenda sem lagðar voru til grundvallar við mótun Byrjendalæsis voru eftirtaldir þættir:

1. Samþætting tals, hlustunar, lesturs og ritunar er grundvöllur árangurs í lestrarnámi. Vinna þarf jöfnum höndum með samband stafs og hljóðs, hraða, öryggi og lesskilning. Fyrir vikið er unnið t.d. með hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforða, setningabyggingu og málfræði samþætt en ekki í aðskildum verkefnum.
2. Tileinkun orðaforða er mikilvæg í lestrarnámi enda undirstaða góðs skilnings.
3. Takturinn í lestrarvinnu nemenda er frá heild til eindar og aftur til heildar.
4. Gæðatexti er lagður til grundvallar lestrarkennslunni og efni hans rætt ítarlega.
5. Öll tæknileg vinna sprettur úr þeim efniviði sem felst í gæðatextanum. Lykilorð úr textanum eru nýtt til innlagnar á öllum helstu tæknilegum þáttum lestrarnámsins.
6. Því meir sem nemendur fást við læsistengd verkefni, þeim mun meiri líkur eru á árangri.
7. Nemendur koma með misjafna þekkingu í lestrarnámið. Þeir þurfa að geta lært hlið við hlið en um leið fengið ögrandi viðfangsefni við hæfi hvers og eins. Gengið er út frá því að námsþörfum allra nemenda sé mætt í almennri kennslu.
8. Í kennslu er lagt upp úr sýnikennslu og stuðningi og nemendur læra vinnubrögð sem eru líkleg til að hjálpa þeim að verða greinandi og sjálfstæðir lesarar.
9. Lestrarnámið þarf að vera skemmtilegt og bjóða upp á samskipti, skapandi hugsun og tjáningu.
10. Kennarar safna upplýsingum um gengi nemenda í daglegu starfi. Í stað þess að leiðrétta og láta nemendur endurgera verkefni, skipuleggja þeir ný viðfangsefni þar sem nemendur fá ítarlega leiðsögn og tækifæri til æfinga.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnst nemendur gæðatexta. Í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphaflegs texta. Tæknileg vinna með letrið og hljóðin fer fram innan orðaforða textans á hverjum tíma. Eftir því sem færni nemenda eykst er markvisst stutt við sjálfstæði þeirra í vinnubrögðum. Gengið er út frá því að lestrarkennsla fari fram tvisvar til þrisvar á dag, fimm daga vikunnar, að lágmarki í 90 mínútur á dag. Þvert á þrepin þrjú á sér stað mikill lestur nemenda. Mikið er lagt upp úr félagastuðningi nemenda í lestrarnámi og því vinna þeir oft í hópum. Leikir og spil tryggja samskipti þar sem nemendur í senn styðja hver annan og keppa að því að ná árangri. Þar eru hlutverk og reglur sem fara þarf eftir. Nemendur verða virkir þátttakendur og námið verður skemmtilegt. Kennarar semja formlega kennsluáætlun fyrir hverja viku.

1. þrep. Inntak texta

Gæðatexti

upplestur, umræður, upprifjun, þátttökulestur

2. þrep. Tæknilegir þættir lestrarnáms

Sundurgreinandi og samtengjandi viðfangsefni

hljóðvitund, skoðun á ritmáli, stafir, orðhlutar, orð

lykilorð

3. þrep. Enduruppbygging merkingar

Leiðbeinandi lestur – sjálfstæður lestur

tjáning og textagerð, nýr texti saminn